

STAÐA MÁLS

Málnr.: **23-016F005**

Dags: **13. febrúar 2023**


Staður: **Norðan Langjökuls**

Lýsing: **Óstjórnun lækkun úr FL350 í FL270**

Staða máls: **Febrúar 2024: Í rannsókn**
Febrúar 2025: Skýrsludrög í meðferð hjá nefndinni

Um morguninn þann 13. febrúar 2023 var Boeing 777-300 flugvél, á tyrkneskri skráningu TC-JJJ, á flugi yfir Íslandi á leið sinni frá Toronto (CYYZ) til Istanbul (LTFM).

Klukkan 08:10, þegar flugvélin var stödd norðan Langjökuls í fluglagi FL350 flaug flugvélin inn í mjög mikla ókyrrð í lofti (severe turbulence).



Í kjölfarið varð óstjórnun lækkun á fluginu úr FL350 í FL270 á mjög skömmum tíma.

Flugmenn flugsins náðu þá fullri stjórn á flugvélinni að nýju og héldu áfram fluginu í FL280 auk þess að þeir fengu stefnubreytingu frá flugumferðarstjórn út úr ókyrra loftinu og var fluginu haldið áfram til Istanbul.